

Vidd	Stefnuþáttur	Markmið
Nemendur	Menntun, félagsfærni og lýðheilsa sem stuðla að alhliða þroska og vellíðan nemenda	Nemendur takist á við fjölbreytt viðfangsefni og verkefni sem stuðla að alhliða þroska þeirra og aukinni siðferðiskennd
		Virk samvinna innan og milli skóla og skólastiga til að tryggja að nemandi geti stundað nám á eigin hraða
		Nemendur öðlist félagsfærni og jákvæða sjálfmynd
		Virkt samstarf samfélags og fagaðila um forvarnir til að stuðla að góðri lýðheilsu
	Fjölbreytni í skólagerðum, námsleiðum, kennsluaðferðum, námsaðferðum og námsgögnum	Hver grunnskóli velur námsleiðir, kennsluaðferðir, námsaðferðir og námsgögn, í samræmi við þarfir nemenda, skólastefnu og þróun samfélagsins
		Framfylgja stefnu skóla þar sem skólastarf er sveigjanlegt og skapandi og býður hverjum nemanda upp á nám við hæfi
		Foreldrar geti valið skóla fyrir barn sitt út frá stefnu og áherslum skóla, þar sem því verður við komið
		Hver grunnskóli ákveði innra stjórnfyrikomulag í samráði við rekstraraðila
	Jafnræði í aðgengi að námi og umgjörð skólastarfs	Öllum nemendum tryggt sambærilegt aðgengi að aðstöðu, námi og tengdri þjónustu
		Kennsla, námsgögn og námsferðir séu nemendum að kostnaðarlausu
Tækni sé nýtt í kennslu og námi		
Vidd		
Innri ferli	Nám og kennsla við hæfi hvers og eins og lýðræðisleg vinnubrögð	Nemendur setja sér markmið í námi til skemmri og/eða lengri tíma í samvinnu við kennara og foreldra, gera áætlun og meta árangur
		Fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir, og viðeigandi námsgögn
		Fjölbreytt einstaklingsmiðað námsmat sem mælir alhliða þroska nemandans
	Virk tengsl og sameiginleg ábyrgð heimila og skóla	Skóli skipuleggi þátttöku foreldra í skólastarfi
		Skýr verkaskipting á milli skóla og heimila
		Gagnkvæm upplýsingamiðlun um stöðu nemenda
	Greining og stuðningur innan og utan skóla, við nemendur og starfsmenn	Nýta greiningar í gerð og framkvæmd einstaklingsnámskráa um stuðning við nemendur með sérþarfir
		Skýra og efla þverfaglega samvinnu ábyrgðaraðila
		Viðeigandi stoðþjónusta sé til staðar
	Virk tengsl skóla og grenndarsamfélags	Gagnkvæmt upplýsingastreymi
Náttúra og samfélag eru virkir námsstaðir		
Skólahúsnæði nýtt fyrir þjónustu og starfsemi utan daglegs skólastarfs		
Skýr ábyrgð og skilgreining þjónustu, virkt eftirlit og mat	Skilgreina verkferla í þjónustu og þar með mannaflapörf	
	Skólayfirvöld komi upp virku eftirliti og ytra mati	
	Skólayfirvöld styðji skóla í að vinna innra mat	
	Eftirliti og mati fylgt eftir með gerð og framkvæmd umbótaáætlana	
	Árangur umbótaáðgerða verði mældur	
Vidd	Stefnuþáttur	Markmið
Lærdómur og þróun	Hæft og ánægt starfsfólk og fagleg forysta	Þróa og framfylgja virkri og hvetjandi mannauðsstefnu og skólabrag
		Ráða starfsfólk sem uppfyllir hæfniskröfur skv. starfslýsingu
		Tryggja aðgengi og gæði grunn-, framhaldsnáms og símenntunar starfsfólks
		Fólk fari í kennslu eftir útskrift úr grunnnámi
	(Þver)fagleg samvinna starfsfólks innan skóla og við stoðþjónustu	Skapa aðstæður fyrir samvinnu starfsfólks innan skóla til að bæta þjónustu við nemendur og kennara
		Stuðla að þverfaglegri samvinnu við og í stoðþjónustu, til að bæta þjónustu við nemendur og kennara
	Skólinn er lærdómssamfélag sem þróar eigin leiðir í takt við umhverfi og samfélag	Sveitarfélög hafi markmið sem gefa skólum svigrúm til að þróa eigin leiðir til árangurs
	Skilvirk nýting fjármagns	Skólar hafi skýra stefnu
		Auka kostnaðarvitund hagsmunaaðila
	Skólastjórnendur hafi rekstrarlegt sjálfstæði og skýra ábyrgð	Forsendur í rekstraáætlun skóla séu skýrar og byggðar á stefnu sveitarfélaga/skóla og kostnaðargögnum
Sjálfstæði og ábyrgð skólastjórnenda sé skilgreint		
		Færni til fjármálastjórnunar sé tryggð fyrir skóla

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Gildi grunnskólans er að beita starfsháttum sem mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi.

(Tekið úr lögum um grunnskóla, nr. 66 frá 1995)

Framtíðarsýn

Grunnskólinn er ein af meginstoðum samfélagsins.

Grunnskólastarfið er undirstaða framþróunar fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið.

Meginmarkmið stefnunnar er að hámarka gæði skólastarfs til að nemendur verði ánægðir og með jákvæða sjálfsmynd. Þeir búi yfir færni og löngun til að læra, til að viðhalda þekkingu og leikni og séu undirbúnir fyrir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

